

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 89/1999**

**frá 25. júní 1999**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/1999 frá 15. júní 1999<sup>(1)</sup>.

Samstarf samningsaðilanna varðar einkum eftirfarandi þrjár áætlanir Evrópu-þingsins og ráðsins á sviði menningar (ákvarðanir 719/96/EB Kaleidoscope-áætlunin<sup>(2)</sup>, 2085/97/EB Ariane-áætlunin<sup>(3)</sup> og 2228/97/EB Rafael-áætlunin<sup>(4)</sup>).

Því er við hæfi að fella beina tilvísun til þessa samstarfs inn í EES-samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 99, 20.4.1996, bls. 20.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 291, 24.10.1997, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 305, 8.11.1997, bls. 31.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 13. mgr. í bókun 31 við samninginn:

1. Í 2. og 3. mgr. komi „1. og 4. mgr.“ í stað „1. mgr.“
2. Eftirfarandi málsgrein bætist við:
  - „4. Eftirfarandi gerðir bandalagsins, sem og afleiddar gerðir, eru efni þessarar greinar:
    - **396 D 0719:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 719/96/EB frá 29. mars 1996 um að koma á fót áætlun til stuðnings lista- og menningarstarfsemi þar sem áhersla er lögð á Evrópuþáttinn (Kaleidoscope-áætlunin) (Stjtíð. EB L 99, 20.4.1996, bls. 20),
    - **397 D 2085:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2085/97/EB frá 6. október 1997 um stuðningsáætlun á sviði bóka og lesturs, þar með taldar þýðingar (Ariane-áætlunin) (Stjtíð. EB L 291, 24.10.1997, bls. 26),
    - **397 D 2228:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2228/97/EB frá 13. október 1997 um að koma á fót áætlun bandalagsins á sviði menningararfleifðar (Rafael-áætlunin) (Stjtíð. EB L 305, 8.11.1997, bls. 31).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*